



# Glímufélagið Ármann

## Foreldrahandbók

**Þátttaka og stuðningur foreldra í íþróttum barna hefur aukist til muna á undanförunum árum. Hér fyrir neðan kemur listi yfir hlutverk sem foreldrar geta tekið að sér og einnig leiðbeiningar um hvert hlutverk foreldrar geta haft í íþróttum.**

### **Hlutverk foreldra:**

- Bjóða sig fram í stjórnir deilda.
- Bjóða sig fram í foreldraráð í deildum. Tilgangur:
  - I. Standa vörð um hagsmuni iðkenda.*
  - II. Efla tengsl heimila og íþróttafélags.*
  - III. Efla samskipti milli iðkenda, foreldra annarsvegar og stjórnendur og þjálfara hins vegar.*
  - IV. Stuðla að bættri vellíðan iðkenda í leik og starfi.*
  - V. Stuðla að betri árangri í starfi íþróttafélags.*
- Taka þátt í eða hafa umsjón með fjáröflunum.
- Aðstoða við skipulag á ferðalögum eða keppnisferðum.
- Aðstoða þjálfara við félagsleg tengsl iðkenda (pizzukvöld, bíóferð, sundferð o.fl.)
- Taka myndir á ferðalögum, mótum og sýningum (Koma þeim áfram á deildir)
- Aðstoða við uppsetningu á mótum eða sýningum þegar óskað er eftir.
- Taka virkan þátt á foreldrafundum og í foreldrastarfi, kynnast öðrum foreldrum.
- Virða vinnusvæði þjálfara/iðkenda.
- Styðja ÖLL börn í keppnum og HVETJA alla áfram.

### **Kröfur sem þú getur gert til þjálfara og félagsins:**

- Að ekki séu of margir iðkendur á hvern þjálfara.
- Að æfingar séu fjölbreyttar, spennandi og skemmtilegar.
- Að þjálfari barnsins sé góð fyrirmynd fyrir iðkendur í hvívetna.
- Að þjálfari sé skipulagður og hafi sett sér markmið fyrir hönd hópsins.
- Að öll börn fá jafnan rétt til að láta ljós sitt skína.
- Að alltaf sé tekið vel á móti barninu þínu þegar það mætir á æfingar.